

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 1996

Nr. 488

1230

13. september 1996

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja er taki gildi 15. september 1996.

Gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja nr. 9 12. janúar 1996 fyrir raforku með áorðnum breytingum. Taxi D. Hitun - hækkar um 2,14%.

Gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja nr. 10 12. janúar 1996 fyrir heitt vatn. Allir liðir gjaldskrárinnar hækka um 2,14%.

Iðnaðarráðuneytinu, 13. september 1996.

F. h. r.

Sveinn Þorgrímsson.

Steinunn Bjarmann.

Nr. 489

2. september 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 361/1995, um skattrannsóknir og málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

1. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðast svo ásamt fyrirsögn:

Skráning og meðferð móttækinnna gagna.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal skrá gögn sem aflað er frá skattaðila er sætir rannsókn og veita honum staðfestingu um móttækin gögn. Að rannsókn lokinni ber að afhenda skattaðila þau aftur verði ekki frekar aðhafst, en ella gögn þau, sem rannsókn er ekki byggð á eða hafa ekki þá þýðingu fyrir niðurstöðu rannsóknar að þörf sé á að halda þeim, og önnur gögn, þegar þörf telst ekki lengur vera á haldi þeirra og í síðasta lagi þegar meðferð máls er endanlega lokið. Skal skattrannsóknarstjóri ríkisins gefa út skriflega kvittun fyrir afhendingu gagna.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal, svo sem frekast er kostur, leitast við að tryggja skattaðila nauðsynlegan aðgang að gögnum hans meðan á meðferð máls stendur, með tíma-

Gutenberg

Endurprentað blað.

bundinni afhendingu gagna, ljósriti af einstökum skjölum eða með því að veita skattaðila aðgang að gögnum hans, hvort heldur á embættisskrifstofu skattrannsóknarstjóra ríkisins eða á embættisskrifstofum skattstjóra utan Reykjavíkur, ef það þykir hentugra með hliðsjón af búsetu skattaðila, enda sé tryggt að slíkt spilli ekki rannsóknarhagsmunum.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal leiðbeina skattaðila um rétt hans til afhendingar og aðgangs að gögnum meðan á meðferð máls standur.

2. gr.

32. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Tilkynna skal skattaðila lok málsmeðferðar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins og standa honum skil á gögnum í samræmi við ákvæði 1. mgr. 10. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekju-skatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 2. september 1996.

F. h. r.

Bragi Gunnarsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 328/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Verð- og magntollar sem tilgreindir eru í 2. gr. reglugerðarinnar vegna innflutnings á eggaldinjurtum (0709.3000) breytast þannig að verðtollur verður 30% í stað 15% og magntollur 0 kr/kg í stað 58 kr/kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi og gildir til 1. október 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. september 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.